

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Samkomulag um kjör sjúkraflutningamanna

Gildistími 1. ágúst 2010 til 30. nóvember 2010

Samkomulag þetta gildir fyrir tvo hópa sjúkraflutningamanna. Annars vegar þá sem ráðnir eru í aðalstarf sem sjúkraflutningamenn og hins vegar þá sem ráðnir eru sem hlutastarfandi sjúkraflutningamenn.

Kafli 1.

Sjúkraflutningamenn í aðalstarfi

Um kjör þeirra sem ráðnir eru í aðalstarf skal fara skv. kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna frá 20. ágúst 2010.

Útfærsla greinar 1.9.1 *áhættuálag/sérálag* skal þó vera í samræmi við þá heilsufarsstefnu og útfærslu þrekprófa sem tíðkast fyrir sjúkraflutningamenn.

Verði sú sjúkraflutningastarfsemi sem rekin er af ríkisstofnunum með starfsmönnum í aðalstarfi við sjúkraflutninga færð á annarra hendur fellur þessi kafli úr gildi.

Tillit þarf að taka til þess að nokkur ákvæði samningsins fara gegn lögum gagnvart ríkisstofnunum og ganga þá lög framár.

Aðilar er ásáttir um að fara sameiginlega yfir hvernig bókanir og fylgiskjöl þess samnings geta átt við starfsmenn ríkisins.

Eins eru aðilar ásáttir um að útfærsla sérmála sjúkraflutningamanna í þjónustu ríkisins, sbr. gr. 1.3.4 og 1.3.1.3, kafla 8 og atriði er varða vinnuástöðu séu með sambærilegum hætti og hjá öðrum vinnuveitendum sjúkraflutningamanna.

Kafli 2

Hlutastarfandi sjúkraflutningamenn

1. Um laun

- 1.1 Fyrir þá kvöð sem hvílir á sjúkraflutningamönnum að þurfa ávallt að vera viðbúinir að sinna verkefnum, skulu þeir fá sérstaka þóknun er greiðist eftir á með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
- 1.2 Þóknun þessi skal vera 83% af launaflokki 139 í 3. þrepi í samningi Launaneftdar sveitarfélaga og LSS frá 20. ágúst 2010. Hafi sjúkraflutningamaður verið 10 ár við sjúkraflutninga að meira eða minna leyti greiðist þó skv. 4. þrepi. Eftir 15 ár breytist viðmiðið í lfl. 140 4. þrep. Sama gildi um greinar 2.2 og 2.3. Þóknunin greiðist mánaðarlega alla mánuði ársins án orlofs og reiknast fyrir hvern mann sem ráðinn er til fullrar bakvaktar með orlofstöku. Fyrir hluta tímans eða hluta bakvaktar greiðist hlutfallslega.
- 1.3 Fyrir hvert útkall skal greitt að lágmarki 4 klst. skv. yfirvinnukaupi. Greitt skal skv. yfirvinnukaupi í launaflokki 139 í 3. þrepi.
- 1.4 Sjúkraflutningamönnum er skylt að annast um búnað og mæta á æfingar eftir nánari ákvörðun viðkomandi heilbrigðisyfirvalda.
- 1.5 Sé sjúkraflutningamanni falin sérstök ábyrgð, svo sem umsjón með mönnun og/eða bifreiðar eða öðrum slíkum sérverkefnum umfram aðra starfsmenn er stofnun heimilt að semja sérstaklega við þá starfsmenn um hærri viðmiðunarlaunaflokk eða aðra þóknun.

2. Ýmis atriði

- 2.1 Samningur þessi á ekki við sé starfsmanni heilbrigðisstofnunar falið að sinna sjúkraflutningum jafnframt öðru starfi, sé það starf talið aðalstarf.
- 2.2 Tryggingar sjúkraflutningamanna skulu vera þær sömu og í fyrri kjarasamningi LSS og fjármálaráðherra, þ.m.t. fjárhæðir fyrri hópslysatryggingar að uppfærðum vísitölum, með þeirri takmörkun þó að tryggingar gilda aðeins fyrir þann tíma sem sjúkraflutningar eða þjálfun standa yfir ásamt ferðatímanum til og frá áður nefndum störfum. Í vinnuslysatilvikum skal sjúkraflutningamaður njóta réttar til launa sem hann væri ráðinn í fullt starf í launaflokki 134 í 3. þrepi.
- 2.3 Sjúkraflutningamenn skulu eiga kost á að sækja endurmenntunar- og framhaldsnámskeið sér að kostnaðarlausu eftir því sem við verður komið. Með því er einnig átt við að viðkomandi stofnun greiði sjúkraflutningamanni laun sem þeir væru ráðnir í fullt starf í launaflokki 134 í 3. þrepi á meðan fjarvistir frá vinnu vara. Þeir starfsmenn sem nú eru í starfi skulu þó njóta þessara kjara við öflun réttinda.
- 2.4 Sjúkraflutningamönnum skal séð fyrir vinnufatnaði eftir þörfum þeim að kostnaðarlausu í samræmi við kröfur starfsins.
- 2.5 Boðtæki hvers konar sem reynast kunna nauðsynleg, þ.m.t. farsímar skulu lögð til af vinnuveitanda og hann standa straum af rekstri þeirra í þessum tilgangi.
- 2.6 Um lengd orlofs og hlutfall orlofs á yfirvinnu fer skv. núgildandi kjarasamningi LSS og Launanevndar sveitarfélaga.
- 2.7 Sjúkraflutningamönnum skal sköpuð aðstaða til að stunda líkamsrækt, til þjálfunar og viðhalds líkamlegu þreki sínu, þeim að kostnaðarlausu.
- 2.8 Greiða skal í orlofssjóð og starfsmenntunarsjóð Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna með sama hætti og skv. kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna frá 20. ágúst 2010. Sama á við um Starfsendurhæfingarsjóð.
- 2.9 Um kjör þeirra að öðru leyti fer skv. kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Launanevndar sveitarfélaga eftir því sem við getur átt.
- 2.10 Gera skal skriflega ráðningarsamninga við sjúkraflutningamenn.

3. Launabreytingar á samningstímanum og gildistími

- 3.1 Enginn skal skv. samningi þessum lækka í launum á meðan núgildandi ráðning varir.
- 3.2 Samningur þessi gildir frá 1. ágúst 2010 til 30. nóvember 2010 og fellur þá úr gildi án frekari uppsagnar.

Reykjavík, 28. september 2010

f.h. fjármálaráðherra

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Sverrir Jónsson (sign.)

f.h. Landssambands slökkviliðs-
og sjúkraflutningamanna

Sverrir Björn Björnsson (sign.)
Sveinbjörn Berentsson (sign.)
Gunnar M. Baldursson (sign.)
Einar Örn Arnarsson (sign.)
Kristján Ingi Vignisson (sign.)

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
og
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Samkomulag um kjör sjúkraflutningamanna

Gildistími 1. ágúst 2010 til 30. nóvember 2010

Bókun 1

Stofnun sem hefur sjúkraflutningamenn í starfi skal við eðlilega endurnýjun einkennis- og vinnufatnaðar fylgja viðurkenndum stöðlum og merkingum sem við eiga um störf sjúkraflutningamanna, sbr. 8. kafla kjarasamnings launanefndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Ennfremur skal gætt að viðeigandi búnaði afleysingarmanna.

Bókun 2

Aðilar eru ásáttir um að fylgjast með þróun á skipulagi sjúkraflutninga í landinu í samráði við heilbrigðisráðuneytið með tilliti til framtíðarfyrirkomulags launasamninga sjúkraflutningamanna.

Bókun 3

Aðilar munu sameiginlega ræða við HSU um áhrif breytinga á starfsaðstöðu sjúkraflutningamanna á Selfossi við fyrirhugaða flutninga á aðstöðu þeirra í Björgunarmiðstöð Árborgar m.t.t. starfsskilgreininga á starfsskyldum þeirra.